



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 27/2023

Ákvörðun um sektir vegna ófullnægjandi verðmerkinga 66°Norður í Faxafeni

I.

Málsmeðferð

Dagana 23. til 26. maí 2023 framkvæmdi Neytendastofa skoðun á ástandi verðmerkinga í ýmsum verslunum í Skeifunni. Kom starfsmaður Neytendastofu þ.á.m. í verslun 66° Norður í Faxafeni, sem rekin er af Sjóklæðagerðinni hf., þar sem verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vörur eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að verðmerkja vöru með réttu söluverði þar sem hún er höfð til sýnis neytendum. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að ástand verðmerkinga var ábótavant. Í versluninni vantaði verðmerkingar á svartar og hvítar derhúfur í hillum og mörg pör af La Sportiva skóm. Þá var ástand verðmerkinga á fatnaði og vörum í sýningargluggum og útstillingum metið ábótavant. Ekki voru gerðar athugasemdir við verðmerkingar í 66° Norður Outlet verslun félagsins.

Starfsmaður verslunarinnar kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf í versluninni þess efnis að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda félaginu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til félagsins, dags. 2. júní 2023, greindi stofnunin félaginu frá niðurstöðum skoðananna og gerði grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu fyrirmælum beint til félagsins að koma verðmerkingum í betra horf. Í bréfunum kom fram að könnunum stofnunarinnar yrði fylgt eftir með nýrri könnun og mætti félagið búast við því að tekin yrði ákvörðun um sektir, samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005, yrði ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um að koma verðmerkingum í rétt horf.



Þann 3. júlí 2023, var ástand verðmerkinga aftur skoðað í versluninni. Enn voru gerðar athugasemdir við að verðmerkingum væri ábótavant. Vantaði n.tt. verðmerkingar á sex gínur í verslun og á La Sportiva skó við inngang. Þá voru vörur í sýningargluggum óverðmerktar.

Með bréfi Neytendastofu til félagsins, dags. 6. júlí 2023, var félaginu tilkynnt um framangreindar athugasemdir og gefinn tveggja vikna frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Svar barst stofnuninni með tölvupósti, mótt. 10. júlí 2023, þar sem félagið tók fram að á þeim degi sem seinni athugun var framkvæmd hafi verið útstillingadagur í Faxafeni þar sem verið var að breyta allri framsetningu verslunarinnar ásamt gínum. Því hafi ekki verið búið að verðmerkja gínur með viðeigandi hætti þar sem verið var að breyta öllu á þeim á þeirri stundu, ásamt því að verið var að uppfæra staðsetningu á skóm. Var stofnunin beðin um að taka til greina að verðmerkingar hafi verið uppfærðar strax á 17 gínum undir lok dags.

Staðfesti stofnunin móttöku og tjáði félaginu að höfð yrði hliðsjón af umræddum gögnum við töku stjórnvaldsákvörðunar í málinu.

II.

Niðurstaða

Í máli þessu hefur Sjóklæðagerðin ekki sinnt fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í verslun 66° Norður í Faxafeni í viðunandi horf innan tilskilins frests.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 1. og 2. mgr. 3. gr. verðmerkingareglanna:



„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vöru enda sé augljóst til hvaða vöru verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.“

Samkvæmt ákvæðunum ber versluninni að verðmerkja allar söluvörur sínar með réttu söluverði. Á fyrirtækjum hvílir afdráttarlaus skylda til að hafa söluvörur ávallt verðmerktar. Í máli þessu voru niðurstöður síðari skoðunar í versluninni þær að verðmerkingum var ábótavant í verslun félagsins í Faxafeni. Sérstaklega voru gerðar athugasemdir við að verðmerkingar vantaði á sex gínur í verslun og á La Sportiva skó við inngang. Þá voru vörur í sýningargluggum óverðmerktar. Eftir fyrri skoðun var félaginu gerð grein fyrir ástandi verðmerkinga í verslununum og viðeigandi reglum sem gilda um verðmerkingar, og beindi Neytendastofa þeim fyrirmælum til félagsins að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Í skýringum félagsins kom fram að skortur á verðmerkingum við seinni heimsókn sé vegna breytinga sem verið var að framkvæma og að undir lok dagsins hafi allar gínur verið verðmerktar. Þrátt fyrir að játa verður verslunum ákveðið, takmarkað svigrúm til að bæta úr verðmerkingum samhliða breyttum ústillingum verður ekki framhjá því litið að sambærilegar athugasemdir voru gerðar við sýningarglugga verslunarinnar í báðum heimsóknum. Neytendastofa telur Sjóklæðagerðina ekki hafa gert viðeigandi úrbætur á verðmerkingum innan tilskilins frests og því telur stofnunin nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhöfsreglu og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga, og með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum, þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Sjóklæðagerðina stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



III.

Ákvörðunarorð:

„Sjóklæðagerðin hf., Miðhraun 11, 210 Garðabær, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru, með óviðunandi verðmerkingum í verslun 66° Norður í Faxafeni.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Sjóklæðagerðina hf. að fjárhæð kr. 50.000 (fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 14. ágúst 2023

Pórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir